

þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Guðmundsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.

Fimmtudaginn 13. desember 1979.

Nr. 87/1979. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Bjarnasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Vitnin þrjú, er bera um háttsemi þá, sem ákærða er gefin að sök í málinu, unnu eið að framburðum sínum. Voru vitnin Stefanía María Jónsdóttir og Þór Ólafsson samprófuð við ákærða, áður en eiðvinning fór fram.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna dómsins ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 26. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 157/1978: Ákærvaldið gegn Sigurbirni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 31. mars sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 9. janúar 1978, á hendur ákærða, Sigurbirni Bjarnasyni verkamanni, Yrsufelli 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. maí 1954, „fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. desember 1977 stol-ið seðlaveski, sem í voru 1.000 krónur í peningum og skilríki, af borði í veitingahúsinu Sesari við Hallarmúla í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Aðfaranótt fimmtudagsins 15. desember sl., kl. 0042, var lög-reglunni í Reykjavík tilkynnt um þjófnað á veski í veitinga-húsinu Sesari hér í borg. Að sögn þriggja gesta þarna í veitinga-húsinu hafði ákærði í máli þessu tekið veski eins þeirra af borði í veitingasal, á meðan gesturinn var að dansa. Ákærði kannast hins vegar ekki við þetta og neitaði með öllu að vera valdur að þjófnaðinum.

Vitnið Stefanía María Jónsdóttir afgreiðslustúlka, Álftamýri 16, fædd 10. janúar 1961, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið á dansleik í fyrrgreindu veitingahúsi aðfaranótt 15. desember sl. Vitnið kvaðst hafa verið að dansa, er það sá mann

koma að borði vitnisins og þeirra, sem með því voru, en enginn var þá við borðið. Vitnið var að ganga að borðinu rétt í þann mund, er það sá mann þennan ganga frá borðinu, og sá það, að hann stakk rauðu veski í vasa sinn. Vitnið þekkti, að þetta var veski vinkonu þess, Dagbjartar Ásmundsdóttur. Gekk vitnið á eftir manningnum, tók veskið úr vasa hans og sló hann utan undir með því. Vitnið kvað manninn hafa farið í burtu, en þau hafi veitt honum eftirför úr tveim áttum og fundið hann skömmu síðar. Var vitnið ekki í neinum vafa um, að um sama mann var að ræða, og fullyrti vitnið, að þetta hefði verið ákærði.

Vitnið Þór Ólafsson sjómaður, Vesturbergi 148, fæddur 13. júlí 1960, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að það hafi verið á umræddum dansleik. Það kvaðst hafa verið að ganga að borði sínu ásamt Stefaníu Jónsdóttur, er það sá mann ganga frá borðinu, sem vitnið segir, að hafi verið ákærði. Vitnið kveðst ekkert hafa vitað fyrr en Stefanía réðst að ákærða og sló hann, og sá vitnið, að rautt veski féll á gólfið. Maðurinn hafi farið á brott, en í framhaldi þessa kveðst vitnið hafa skýrt dyravörðum frá þjófnaðinum, og fór vitnið með þeim að leita ákærða. Fannst hann skömmu síðar, en kannaðist ekki við atvikið. Var vitnið ekki í neinum vafa um, að um sama mann var að ræða. Nánar æðspurt kvaðst það hafa séð það detta á gólfið, en Stefanía hafi sagt sér, að hún hefði tekið það úr vasa mannsins.

Vitnið Dagbjört Ásmundsdóttir afgreiðslustúlka, Eskihlíð 6, fædd 15. maí 1957, skýrði frá því fyrir dómi, að það hefði verið að dansa í veitingahúsinu Sesari umrætt sinn, er það sá mann við borð vitnisins og fleira fólk, og rétt á eftir sá vitnið, að Stefanía vinkona þess réðst að manningnum og tók af honum rautt seðlaveski og sló hann með því, en veski þetta reyndist vera úr eigu vitnisins. Vitnið veit ekki, hvort veskið var á borðinu eða hvort það var í tösku, sem var í sæti vitnisins.

Vitnið sá umræddum manni aðeins bregða fyrir þarna við borðið og hefði ekki treyst sér til að þekkja hann aftur, en kunningjar vitnisins, Stefanía og Þór, töldu sig þekkja hann, og vitnið taldi, að það væri sami maður, er þau bentu á og fóru með til dyravarðar. Vitnið sagði þó, að það hefði byggt álit sitt fyrst og fremst á fullyrðingum Stefaníu og Þórs. Hjá rannsóknarlögreglu hinn 16. desember sl. hafði verið bókað eftir vitninu, að það væri öruggt um, að um sama mann hefði verið að ræða. Fyrir dóminum kvað vitnið þetta þó full sterkt til orða tekið.

Ákærði hefur lýst sig saklausan af umræddum verknaði og

neitar að hafa tekið veski af borði í veitingahúsinu Sesari 15. desember sl., svo sem lýst er í ákæru. Hann segir, að fólk þar í veitingahúsinu, stúlka og piltur, hafi gengið að sér, þar sem hann var á leið á salerni, og beðið hann að koma með sér til dyravarðar án þess að gefa frekari skýringu á því. Gerði ákærði það, og síðan var hringt í lögreglu, sem sótti ákærða. Ákærði mótmælir framburðum framangreindra vitna, og samprófun milli hans og vitnanna Stefaníu Jónsdóttur og Þórs Ólafssonar leiddi ekki til frekara samræmis.

Í umræddu veski voru öll persónuskilríki Dagbjartar Ásmundsdóttur og eitt þúsund í peningum.

Niðurstaða.

Þegar framanritað er virt, einkum eindregnir framburðir vitnanna Stefaníu Maríu Jónsdóttur og Þórs Ólafssonar, verður þrátt fyrir neitun ákærða að telja sannað, að hann hafi umrætt sinn stolið margnefndu seðlaveski Dagbjartar Ásmundsdóttur, þar sem það lá á eða við borð í veitingahúsinu Sesari. Hefur ákærði þannig gerst brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá árinu 1972 hefur ákærði 8 sinnum hlotið dóm fyrir þjófnaði og önnur auðgunarbrot. Síðasti dómur var kveðinn upp 29. nóvember 1976, en þá hlaut ákærði 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Á árinu 1975 var hann tvívegis dæmdur, hinn 5. mars í 10 mánaða fangelsi og hinn 20. desember í 3ja mánaða fangelsi, hvort tveggja fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar kærða ber meðal annars að hafa í huga, að hér var um lítil verðmæti að ræða og ekkert tjón hlaust af broti hans. Eftir atvikum þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu málskostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði allan kosnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.